

5

**Umferðaröryggisúttekt
Grindavíkurveggar,
43-01**



31.07.2017

Flokkun gagna innan Vegagerðarinnar

Flokkur	Efnissvið	Einkenni (litur)
1	Lög, reglugerðir, og önnur fyrirmæli stjórnvalda	Svartur
2	Stjórnunarleg fyrirmæli, skipurit, verkefnaskipting, númeraðar orðsendingar	Gulur
3	Reglur, alm. verklýsingar, sérskilmálar	Rauður
4	Handbækur, leiðbeiningar	Grænn
5	Greinargerðir, álitserðir, skýrslur, yfirlit	Blár
Ú	Útboðslýsingar	

EFNISYFIRLIT:

1 Inngangur	2
2 Úttektarhópur og úttektarferli	2
3 Gögn	3
4 Slysagreining og mikilvægar upplýsingar	3
5 Samantekt um úttektina	5
Fylgiskjal	6

1 Inngangur

Grindavíkurvegur kafli 43-01 er 13,30 km langur. Kaflinn var skoðaður í tvennu lagi í þessari úttekt. Kaflinn tilheyrir Suðursvæði Vegagerðarinnar. Kafli 43-01 liggur frá Reykjanesbraut (41-16/41-17) að Grindavík, Gerðavöllum. Grindavíkurvegur er stofnvegur með bundnu slitlagi. Ársdagsumferð, ÁDU, árið 2016, var 4240 bílar á sólarhring á þeim hluta vegkaflans sem liggur milli Reykjanesbrautar og Bláalónsvegar en 2880 bílar á sólarhring milli Bláalónsvegar og Gerðavalla. Vegin meðalumferð, ÁDU, á öllum kaflanum árið 2016 var 3710 bílar á sólarhring sjá töflu 1. Leyfilegur hámarkshraði á Grindavíkurvegi, þ.e. á kafla 43-01, er að mestu 90 km/klst. Í upphafi og lok kaflans er leyfilegur hámarkshraði lægri, frá stöð 0-245 og frá stöð 12970-13300 er hann 50 km/klst. og frá stöð 12300-12970 er leyfilegur hámarkshraði 70 km/klst.



Mynd 1: Grindavíkurvegur, 43-01.

2 Úttektarhópur og úttektarferli

Í úttektarhópnum voru Jón Hjaltason, verkefnastjóri á umferðardeild Vegagerðarinnar, Sigurður Björn Reynisson, verkefnastjóri á áætlanadeild Vegagerðarinnar og Katrín Halldórsdóttir, verkfræðingur á umferðardeild Vegagerðarinnar.

Enginn sérstakur undirbúningsfundur var haldinn en það var ákveðið að gera vettvangsskráninguna og vettvangsskoðunina í einni ferð. Úttektarhópurinn sá um vettvangsskráninguna og vettvangsskoðunina og fór hún fram 3. og 10. maí 2017.

Jón sá um akstur. Katrín sá um skráningu í vettvangsskráningarkerfið og tók ljósmyndir. Sigurður Björn og Katrín mátu aðstæður. Katrín og Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar Vegagerðarinnar, sáu um gerð skýrslunnar.

3 Gögn

Gögnin sem úttektarhópurinn var með voru Veghönnunarreglurnar, Umferð á þjóðvegum og Umferðaröryggisúttekt vega, leiðbeiningar.

4 Slysagreining og mikilvægar upplýsingar


Á tímabilinu 2012-2016 urðu 45 umferðarslys á Grindavíkurvegi, kafla 43-01. Slysaföldni á þessum kafla á Grindavíkurvegi árið 2016 var 0,11 slys á milljón ekinna km.

Meðalslysaföldnin á Grindavíkurvegi, kafla 43-01, var 0,98 slys á milljón ekinna km á tímabilinu 2011-2015¹. Til samanburðar var meðalslysaföldnin á þjóðvegum (þ.e. stofn-, tengi- og landsvegum) í dreifbýli 0,88 slys á milljón ekinna km á tímabilinu 2011-2015. Meðalslysaföldnin á tímabilinu 2011-2015 á kaflanum sem tekinn var út var því hærri en meðalslysaföldni á þjóðvegum í dreifbýli á sama tímabili.

Í 20 af 45 umferðarslysum urðu meiðsli á fólki, í átta tilvikum urðu mikil meiðsli á fólki og í 12 tilvikum urðu lítil meiðsli á fólki. Hálfu- og ísingarslys voru algeng á vegkaflanum fyrir tímabilið sem var skoðað, í 20 tilvikum var hálka eða ísing skráð á vegi þegar slys varð. Næstalgengast var að vegurinn var blautur þegar slysið varð eða í 12 tilvikum. Vegurinn var þurr í sex tilvikum, ekki er vitað um færð í þremur tilvikum, í tveimur tilvikum var færðin skilgreind sem góð, og í tveimur tilvikum var snjór á veginum. Í 20 tilvikum var dagsbirta úti þegar slysið varð. Í 17 tilvikum var myrkur eða rökkur, götulýsing er skráð í fimm tilvikum og ekki er vitað um birtuskilyrði í þremur tilvikum.

Algengast var að slys varð við útafakstur, samtals 19 tilvik, eða í 42% tilvika. Í níu tilvikum var ekið á fastan hlut á akbraut, í sjö tilvikum var ekið á hlið bifreiðar, í fimm tilvikum varð slys við aftanákeyrslu, í þrem tilvikum var ekið framaná aðra bifreið, í einu tilviki var ekið á dýr á akbraut og í einu tilviki var ekið á gangandi vegfaranda.

¹ Slysaföldni á þjóðvegum 2016 er enn í vinnslu.



Mynd 2: Umferðarslys á Grindavíkurvegi, kafla 43-01.

Í þeim slysum þar sem mikil meiðsli urðu á fólki var algengast að ekið væri útaf veginum, eða í fimm tilvikum af átta. Í þremur af þeim tilvikum var hálka eða ísing á veginum, í einu var snjór en ekki er vitað um færð í einu þessara tilvika. Dagsbirta var í tveimur tilvikum og myrkur í tveimur, ekki er vitað um birtuskilyrði í einu tilviki. Í tveimur tilvikum var ekið á hlið bifreiðar þegar mikil meiðsli urðu í slysinu. Í báðum tilvikunum var vegurinn þurr og myrkur var úti. Í einu tilviki var ekið á gangandi vegfaranda þegar mikil meiðsli urðu, það slys varð í hálku og myrkri.

Þrjú staðir á vegkafla 43-01 eru sérstaklega eftirtektarverðir þegar slysin eru skoðuð. Á 372 m kafla í grennd við Seltjörn, frá stöð 1717-2089, urðu 7 slys. Í tveimur slysanna urðu mikil meiðsli á fólki, í einu tilviki lítill meiðsli og í fjórum tilvikum urðu engin meiðsli á fólki. Í fjórum tilvikum var ekið út af veginum, í einu tilviki var ekið framan á aðra bifreið, í einu tilviki var ekið á hlið bifreiðar og í einu tilviki var ekið á dýr á akbraut. Hálka var á veginum í þremur tilvikum, vegurinn var blautur í tveimur tilvikum, þurrt var úti í einu tilviki en ekki er vitað um færð í einu tilviki. Á 140 m kafla frá stöð 6636-6776 urðu þrjú slys. Í tveimur slysanna urðu mikil meiðsli á fólki og í einu tilviki urðu engin meiðsli. Í einu tilviki var ekið á gangandi vegfaranda, í einu tilviki var ekið framan á aðra bifreið og í einu tilviki var ekið út af veginum. Hálka eða ísing var á veginum í tveimur tilvikum en ekki er vitað um færð í einu tilviki. Á 24 m kafla, frá stöð 1100-1124, urðu fimm slys, öll urðu í hálku eða ísingu. Lítill meiðsli urðu í þremur þeirra og engin meiðsli í tveimur. Í fjórum tilvikum var ekið út af veginum en í einu tilviki var ekið aftan á bifreið.

Mikilvægt er að huga sérstaklega að umhverfi vegarins við þessa þrjá staði sem skera sig úr hvað slysin varðar. Á tímabilinu 2012-2016 urðu 20 slys á kaflanum þegar hálka eða ísing var á veginum en það undirstrikar mikilvægi hálkuvarna. Útafakstur var algengasta slysatagund á vegkaflanum á tímabilinu sem var til skoðunar og því er mikilvægt að útfæra umhverfi vegarins þannig að alvarleg slys verði ekki á fólki þó að það lendi út af vegi.

Í töflu 1 eru sýnd grunn gögn sem eiga við úttektarkaflana.

Tafla 1 Grunn gögn

Veg- og kaflanúmer og stöð í km		Leyfilegur hámarks-hraði (km/klst.)	ÁDU (fjöldi bíla á sólarhr.)	Lágmarks-breidd öryggissvæðis (m)
Byrjun	Endir			
43_01_0,00	43_01_0,25	50	3710	4
43_01_0,25	43_01_12,30	90	3710	9
43_01_12,30	43_01_12,97	70	3710	6
43_01_12,97	43_01_13,30	50	3710	4

5 Samantekt um úttektina

Grindavíkurvegur liggur í gegnum hraun og því er umhverfi hans víða mjög gróft. Á mörgum stöðum er mjög stutt í hraunið. Vegurinn liggur ekki hátt og því eru fláar yfirleitt ekki háir en fláarnir eru víða úr grófu efni, stallaðir eða of brattir. Laga þyrfti fláana, fletja þá út og mýkja. Mikilvægt er að ganga þannig frá öryggissvæði vegarins að þar séu ekki hvassar hraunnibbur og grjótt. Malbiksbrún er í ólagi á nánast öllum vegkaflanum. Stallur myndast við malbiksbrúnina að fláanum. Ef ökumenn missa bifreiðina fram af malbiksbrúninni gæti verið erfitt að ná bifreiðinni aftur upp á slitlagið. Því er mikilvægt að fylla í fláann upp að malbiksbrúninni til að draga úr líkum á að slíkt gerist.

Úttektarhópurinn vekur sérstaka athygli á frágangi nýlegra framkvæmda við vegamót Grindavíkurvegar og Blaalónsvegar. Þar eru fláar víða allt of brattir sem er óásættanlegt þar sem um nýframkvæmd er að ræða.

Í úttekt þessari var sérstaklega merkt við allra verstu staðina þar sem lagfæringar ættu að vera í forgangi.

Einnig er bent á að hafa þá þrjá staði sem skáru sig úr í slysgreiningunni sérstaklega í huga, þ.e. frá stöð 1717-2089, 6636-6776, 1100-1124.

Fylgiskjal

Umferðaröryggisúttekt vega

43-01 Grindavíkurvegur

Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
43	01	Grindavíkurvegur	Reykjanesbraut (41-17)
			Grindavík, Gerðavellir

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
0	789	789	Ýmislegt	H	Gróft efni í fláa. Það þyrfti að setja fínna efni ofan á til þess að jafna og mýkja yfirborðið. Malbiksbrún er hvöss og myndar stall, það þyrfti að setja í fláann að malbiksbrúninni. Sjá myndir.
0	7823	7823	Malbiksbrúnir	H	Malbiksbrúnir eru í ólagi. Slitlagið liggur ekki í beinni línu og stallur er frá slitlagi að fláa.
125	328	203	Vegbúnaður við veg	V	Ljósastaurar
126	778	652	Ýmislegt	V	Gróft yfirborð fláa, þarf að mýkja, setja fínna efni yfir.
128			Merkjapúði	H	Skiltapúði, tveir steinar standa uppúr skiltapúðanum. Frekar gróft efni er í skiltapúðanum, hann er annars í lagi.
244			Merking á skiltum	V	50 km/klst.
244	2530	2286	Grjót meðfram vegi	V	Víða er grjót á stangli innan öryggissvæðis. Sérstaklega stórir og grófir steinar eru í stöð 1541, 1462, 1414, 1206, sem þarf að fjarlægja.
245			Merking á skiltum	H	90 km/klst.
248	4373	4125	Malbiksbrúnir	V	Malbiksbrúnir mynda stall við fláa, fylla þarf að malbiksbrúnum.
Dagsetning gagna frá - til:					3.5.2017 10:31:22 - 3.5.2017 15:02:58

Myndir:



43-01_0-789



43-01_0-789

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
43	01	Grindavíkurvegur	Reykjanesbraut (41-17)	Grindavík, Gerðavellir

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
411			Tenging		Slóði. Í lagi með kverkarnar.
778	1206	428	Of brattur flái	V	
778	852	74	Skering nálægt vegi	V	Athuga með skeringu.
789			Tenging	H	Línuvegur, í lagi með kverkar.
850	1857	1007	Of brattur flái	H	Of brattur flái, ca. einn á móti tveimur. Grjót er víða í fláa, sem er með stalli og er ójafn. Sjá myndir. Fláinn er mjög slæmur á köflum, nokkrir staðir ættu sérstaklega að vera í forgangi varðandi lagfæringar. Einnig ætti að vera í forgangi að fjarlægja stórgrýti sem er víða í fláa.
1040	1857	817	Grjót meðfram vegi	H	Um 8 m er í stórt grjót, víða er stakt grjót við veg sem er of stórt. Sjá myndir teknar í stöð 1100. Algjör forgangur að fjarlægja eða fylla yfir stórgrýti.
1107			Merking á skiltum	H	90 km/klst
1427	1541	114	Of brattur flái	V	
1639			Of brattur flái	H	Mjög hátt og bratt - forgangur!
1684			Ýmislegt	V	Jarðsími, innan ca. eins og hálfis öryggissvæðis.
				Dagsetning gagna frá - til:	3.5.2017 10:31:22 - 3.5.2017 15:02:58

Myndir:



43-01_1100



43-01_1100

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
43	01	Grindavíkurvegur	Reykjanesbraut (41-17)
			Grindavík, Gerðavellir

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
1687	1760	73	Merking á skiltum	H	Gátskildir - belti (stefnuörvar)
1710			Merkjapúði	H	Skiltapúði – laga þarf fláa!
1789			Tenging	V	Í lagi með kverkar.
1830			Vegamót	H	Afleggjari að Seltjörn, laga þarf kverkar!
1914			Merkjapúði	V	Laga umhverfi við púða.
1914	2203	289	Of brattur flái	V	
1918			Ýmislegt	H	Veðurstöð, má snyrta frágang í kringum stöðina, kapall liggur í opnum skurði sem er óþarfi. Sjá mynd.
1940	2186	246	Of brattur flái	H	Lágur flái, en stallur sem myndar stökkpall útaf. Verður hærri við stöð 2140.
2025			Merkjapúði	V	Laga púða.
2186	2916	730	Grjót meðfram vegi	H	
Dagsetning gagna frá - til:					3.5.2017 10:31:22 - 3.5.2017 15:02:58

Myndir:

43-01_1918	

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
43	01	Grindavíkurvegur	Reykjanesbraut (41-17)
			Grindavík, Gerðavellir

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
2203	2385	182	Ýmislegt		V Gróft og úfið hraun á mörkum eins öryggissvæðis. Flái er líka slæmur.
2214			Merkjapúði		H púði/hrúga undir skilti, mætti mýkja fláa aðeins.
2214	2916	702	Of brattur flái		H Laga fláa, ójafn og stallaður. Grjót í fláa.
2261			Merkjapúði		H Laga púða, mikið stórgrýti í kring.
2283	2481	198	Ýmislegt		H Mjög slæmur staður við stöð 2300, 3-10 m í mjög gróft hraun. Algjör forgangur! Hrikalegt að lenda útaf á þessu svæði!!! Sjá mynd, stöð 2300.
2481	2579	98	Skering nálægt vegi		H Öldótt klöpp.
2555	2625	70	Ýmislegt		V Brattur flái með stórgrýti. Mjög slæmt, forgangur 1
2555	2625	70	Of brattur flái		V
2579	2729	150	Ýmislegt		H Mjög gróft hraun, sjá mynd, stöð 2600. Forgangur 1, mjög slæmur staður.
2612			Þverhnípi við veg		H Hraunlag myndar stökkpall, í 6 m fjarlægð frá vegkanti er hrunhalli fram af! Hér er mikilvægt að ei-ð sé gert!!! Algjör forgangur, forgangur 1!!

Dagsetning gagna frá - til: 3.5.2017 10:31:22 - 3.5.2017 15:02:58

Myndir:



Umferðaröryggisúttekt vega




Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
43	01	Grindavíkurvegur	Reykjanesbraut (41-17)
			Grindavík, Gerðavellir

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn tákmynda	Gildi	Athugasemdir
2625	3983	1358	Ýmislegt	V	Úfið og gróft hraun á mörkum eins og hálf til tvöfalds öryggissvæðis. Í stöð 3085 er klettur innan eins og hálf öryggissvæðis, frekar slæmur staður.
2625	4137	1512	Grjót meðfram vegi	V	
2718			Tenging	V	Í lagi með kverkar.
2728	2916	188	Ýmislegt	H	Gróft hraun, mjög slæmt að fara hér út af. Gjótur leynast hér og þar sem eru slæmar. Þrír sérstaklega slæmir staðir, í stöð 2818 er djúp gjóta innan eins og hálf öryggissvæðis, og önnur djúp gjóta er í stöð 2840, og sú þriðja er í stöð 2897, sjá mynd.
3093	6514	3421	Stígur nálægt vegi	H	Nýr stígur í 8 m fjarlægð frá vegkanti og færast nær. Í stöð 4752 er komið slitlag á stíginn. Athuga þarf fráganginn á stígnum, á sumum stöðum er flái stígsins brattur og myndar vegg ef keyrt yrði útaf, sjá mynd. Handan stígsins er víðast gróft hraun.
3144	7821	4677	Grjót meðfram vegi	H	Stórt grjót inn á milli.
3353	4283	930	Of brattur flái	H	Stallur í fláa og brattur á köflum. Ekki hár.
3687			Tenging	H	Aflögð tenging. Engar kverkar.
3983	4137	154	Of brattur flái	V	Ekki hár, en illa formaður.
4506	5615	1109	Of brattur flái	V	Stallur í fláa. Ekki hár en þarf að forma betur. Stakir steinar í fláa.
Dagsetning gagna frá - til:					3.5.2017 10:31:22 - 3.5.2017 15:02:58

Myndir:



43-01_2897



43-01_3093-6514

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
43	01	Grindavíkurvegur	Reykjanesbraut (41-17)
			Grindavík, Gerðavellir

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
4531			Tenging	V	Í lagi með fláa.
4616	4752	136	Of brattur flái	H	Mjög lágur, en stallur.
5486			Ýmislegt	V	Um 100 m kafli, ca. 12-15 m að "hrunhalla", en svæði fínt fram að því!
5614	6048	434	Grjót meðfram vegi	V	Hér þyrfti að grjóthreinsa. Mikið af smágrjóti innan öryggissvæðis, stórt grjót inn á milli. Við tvöfalt öryggissvæði er gróft og úfið hraun. Forma þyrfti fláann betur.
5836			Ýmislegt	H	Hraun, búið að sprengja í gegn fyrir stíg, þarf að taka a.m.k. þeim megin stígsins við veginn. Forgangur 1. Sjá mynd.
6048	6298	250	Ýmislegt	V	Forma betur fláann. Öryggissvæði í ca. eins til eins og hálfsvæði er fínt en eftir það tekur við gróft og úfið hraun. Í stöð 6149 er gróft hraun og grjót komið inn fyrir einfalt öryggissvæði.
6297	9047	2750	Of brattur flái	V	Úfínn flái, ósléttur. Í stöð 8445 er hátt fram af og gróft hraun sem tekur við. Við nýframkvæmd við vegamót Blaalónstengingar er fláinn alltof brattur og óásættanlegt þar sem um nýframkvæmd er að ræða. Hrunhalli við breikkunina. Þarna þarf lítið efni til að laga.
6297	9047	2750	Ýmislegt	V	Úfið og gróft hraun. Sérstaklega slæmir staðir við stöðvar 8976, 8944, 8505, 7839, 7774, 7693 (ath. sérstaklega), 7631, 7553, 7207, 7005, 6919, 6543, Margir lúmskir staðir, hvassar hraunnibbur.
6345			Tenging	V	Laga þarf malbiksbrún við tengingu.
6611			Ýmislegt	H	Gróft hraun, slæmir staðir, forgangur 1-2.

Dagsetning gagna frá - til: 3.5.2017 10:31:22 - 3.5.2017 15:02:58

Myndir:



43-01_5836

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
43	01	Grindavíkurvegur	Reykjanesbraut (41-17)
			Grindavík, Gerðavellir

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
6746			Ýmislegt		H Áningastaður, ekki ásættanlegur frágangur þar sem að stórt grjót afmarkar staðinn næst vegi, sjá mynd. Forgangur 1 að fjarlægja steinana!!!
6829	8083	1254	Stígur nálægt vegi		H Stígur kemur inn á mörk einfalds öryggissvæðis.
6830			Tenging		H Tenging að áningarstað, laga kverkar, grjót í kverkum, mýkja aðeins, fylla yfir ræsi.
7279	7357	78	Of brattur flái		H Stallur í fláa.
7545	7695	150	Of brattur flái		H Flái á mörkunum.
7802			Merkjapúði		H Í lagi með púða og stoðir.
8039	8128	89	Vegbúnaður við veg		V Ljósastaurar.
8056	8113	57	Vegbúnaður við veg		H tveir ljósastaurar.
8084			Vegamót		H Vegamót við Blaalónsveg, Gróft efni sunnan megin vegamótanna.
8136	8227	91	Of brattur flái		H Mikið brot í fláa, hrunhalli, 75°, sem þarf að laga en öryggissvæðið er fínt. Þarna er um að ræða nýja framkvæmd og því er ekki ásættanlegt að flái sé í ólagi. Þetta þarf að laga, sjá mynd.
Dagsetning gagna frá - til:					3.5.2017 10:31:22 - 3.5.2017 15:02:58

Myndir:



43-01_6746



43-01_8136-8227

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
43	01	Grindavíkurvegur	Reykjanesbraut (41-17)
			Grindavík, Gerðavellir

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
8364	8539	175	Of brattur flái	H	Við stöð 8400 kemur nýtt slitlag sem er ekki nógu vel jafnað við eldra slitlag, sjá mynd. Flái er snarbrattur og hár við stöð 8420, sjá mynd. Ekki nógu góður frágangur við nýframkvæmd. Forgangur.
8413	11175	2762	Malbiksbrúnir	H	Laga malbiksbrúnir,
8515			Ýmislegt	H	Í þessari stöð er mjög slæmur staður, með grófu hrauni og hrunhalla við einfalt öryggissvæði. Forgangur 1 að laga.
8727	8863	136	Ýmislegt	H	Gróft hraun innan tvöfalds öryggissvæðis.
8743			Tenging	V	Tenging að sama plani, loka annari tengingunni, báðar tengingarnar eru á slæmum stað m.t.t. vegráttar.
8812			Tenging	V	Í lagi með kverkar. Tenging að plani/útivistarsvæði.
8990	9426	436	Of brattur flái	H	Á mörkunum.
9065			Tenging	V	Aflagður slóði, í lagi með kverkar. Best að fjarlægja tenginguna.
9104			Tenging	H	Afleggjari að vinnusvæði. Afleitar kverkar. Mikilvægt að laga.
9243	9292	49	Ýmislegt	H	Stutt í hraun/steinahrugur.
Dagsetning gagna frá - til:					3.5.2017 10:31:22 - 3.5.2017 15:02:58

Myndir:



43-01-8400



43-01_8420

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
43	01	Grindavíkurvegur	Reykjanesbraut (41-17)
			Grindavík, Gerðavellir

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
9315			Ýmislegt	V	Slæmur staður. Mikið stórgrýti við einfalt öryggissvæði, slæmt að fara þarna útaf. Forgangur 2.
9328			Ýmislegt	H	Gróft hraun á mörkum tvöfalds öryggissvæðis
9409			Ýmislegt	H	Plan sem að mætti fjarlægja.
9484			Tenging	V	Í lagi með kverkar.
9573	9913	340	Of brattur flái	V	Í stöð 9688 við framhjálaup er hrunhalli. Um er að ræða tiltölulega nýtt verk, og því ætti að vera í lagi með fláann. Þetta þarf að laga!!!!
9636			Tenging	H	Að orkuveri, laga kverkar.
9665			Stakir steinar	H	
9782			Ýmislegt	V	Útskot, brattir fláar, fjarlægja!
9809	10405	596	Stígur nálægt vegi	H	Reiðstígur innan tvöfalds öryggissvæðis.
9817			Tenging	V	Tenging að námu, ekki notuð lengur. Fjarlægja tengingu. Hár kantur við brún bara við tengingu, þarf að laga það!
Dagsetning gagna frá - til:					3.5.2017 10:31:22 - 3.5.2017 15:02:58

Myndir:

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
43	01	Grindavíkurvegur	Reykjanesbraut (41-17)
			Grindavík, Gerðavellir

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
9878			Stakir steinar	H	
9966	10187	221	Of brattur flái	H	Búið er að skera reiðstíg inn í fláa þannig að það myndast stallur í fláa.
10072	10579	507	Of brattur flái	V	Stallur í fláa.
10187	10652	465	Of brattur flái	H	Of brattur flái.
10365			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Í lagi, lítið steipt ræsi.
10382			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lengja og laga. Lítið steipt ræsi.
10464	10647	183	Grjót meðfram vegi	V	Grjót meðfram vegi.
10495			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Í lagi, en frekar hátt niður að því.
10510			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lengja og laga aðeins. Lítið steipt ræsi.
10591	10652	61	Skering nálægt vegi	H	Mýkja skeringu.
				Dagsetning gagna frá - til:	3.5.2017 10:31:22 - 3.5.2017 15:02:58

Myndir:

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
43	01	Grindavíkurvegur	Reykjanesbraut (41-17)
			Grindavík, Gerðavellir

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
10647	10851	204	Of brattur flái		V Leiðinglegur flái, stallur.
10647	11373	726	Ýmislegt		V Hraun/grjót innan öryggissvæðis. Í stöð 10916 er leiðinlegt svæði, stórgrýti, sjá mynd. Forgangur 1-2 að laga.
10652			Merkjapúði		H Teljari, laga púða.
10688			Tenging		H Í lagi með kverkar en henni er lokað með stórgrýti, færa grjótið lengra eða loka með öðrum hætti.
10785	11001	216	Of brattur flái		H Stallur í fláa.
10853	12562	1709	Ýmislegt		Vegslóði að vatnstanki innan öryggissvæðis. Vegslóði/stígur. Víða handan stígsins er gróft hraun, á mörkum tvöfalds öryggissvæðis.
11068			Tenging		H Að Selskógi. Í lagi með kverkar.
11200	11612	412	Of brattur flái		H Stallur í fláa.
11376			Tenging		V Tenging, laga kverkar.
11377	11551	174	Ýmislegt		V Hraun innan öryggissvæðis, grjót hér og þar! Í stöð 11424 er mjög slæmur staður, forgangur, sjá mynd.
Dagsetning gagna frá - til:					3.5.2017 10:31:22 - 3.5.2017 15:02:58

Myndir:

43-01_10916	43-01_11424

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
43	01	Grindavíkurvegur	Reykjanesbraut (41-17)	Grindavík, Gerðavellir

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi		Athugasemdir
11551	11666	115	Ýmislegt		V	Mjög slæmur staður, forgangur 1-2, gróft og mikið hraun innan öryggissvæðis. Gróft grjót.
11666	11968	302	Of brattur flái		V	Ekki mjög hár en stallur í fláa.
11666	12680	1014	Malbiksbrúnir		V	Jafna fláa að slitlagsbrún.
11666	12207	541	Ýmislegt		V	Hraun innan öryggissvæðis og stakir steinar.
11706			Tenging		H	Tenging að Þorbirni, í lagi með kverkar.
11716	12150	434	Of brattur flái		H	Flái á mörkunum.
12132			Tenging		V	Mjög slæmar kverkar, forgangur 1 að laga!
12207	12281	74	Ýmislegt			Hraun innan öryggissvæðis, gróft og mikið forgangur 1. Mjög slæmt að fara útaf hér.
12281	12680	399	Ýmislegt		V	Hraun/grjót innan öryggissvæðis.
12301			Merking á skiltum		V	90 km/klst
Dagsetning gagna frá - til:						3.5.2017 10:31:22 - 3.5.2017 15:02:58

Myndir:

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
43	01	Grindavíkurvegur	Reykjanesbraut (41-17)
			Grindavík, Gerðavellir

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
12327			Merking á skiltum	V	Þéttbýli endar
12356			Merking á skiltum	H	70 km/klst.
12507	12680	173	Of brattur flái	V	Fínn inn á milli en víða brot í fláa og ójafn flái.
12562			Ýmislegt	H	Plan, upplýsingar, velkmin til Grindavíkur.
12613	12680	67	Vegbúnaður við veg	V	Ljósastaurar
12665			Ýmislegt	H	Forgangur 1, hola með hitaveituröri og öndunarrör, sjá mynd.
12676			Vegamót	H	425 Nesvegur. Ath holu í kverk.
12678			Merkjapúði	V	Laga skiltapúða.
Dagsetning gagna frá - til:				3.5.2017 10:31:22 - 3.5.2017 15:02:58	

Myndir:



43-01_12665

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
43	01	Grindavíkurvegur	Reykjanesbraut (41-17)	Grindavík, Gerðavellir

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
12737			Ýmislegt		
12678	12925	247	Grjót meðfram vegi	V	
12678	13116	438	Vegbúnaður við veg	V	Ljósastaurar, brotstaurar
12678	12925	247	Of brattur flái	V	Forma fláa, stórgrýti í fláa.
12705			Merkjapúði	H	Laga púða
12705			Merkjapúði	V	Bæjarhlið, laga púða.
12726			Ýmislegt		Umferðareyja
12735	13059	324	Malbiksbrúnir	H	
12737			Malbiksbrúnir		
12737			Merking á skiltum		
				Dagsetning gagna frá - til:	10.5.2017 13:13:38 - 10.5.2017 13:38:51

Myndir:

--	--

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
43	01	Grindavíkurvegur	Reykjanesbraut (41-17)
			Grindavík, Gerðavellir

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
12737			Stígur nálægt vegi		
12737			Ýmislegt		
12737			Ýmislegt		
12737			Ýmislegt		
12737			Ýmislegt		
12737			Ýmislegt		
12779	13109	330	Ýmislegt	H	Girðing 2-3 m frá vegi.
12910			Ýmislegt	H	Súlur, steypar undirstöður. Sverir stál bitar. Fjarlægja.
12913			Ýmislegt	V	Stálsúla, sama og hægra megin.
12937			Vegamót	V	Hópsbraut, laga kverkar, mjög gróft í kverkum, stórgrýti.
				Dagsetning gagna frá - til:	10.5.2017 13:13:38 - 10.5.2017 13:38:51

Myndir:

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
43	01	Grindavíkurvegur	Reykjanesbraut (41-17)	Grindavík, Gerðavellir

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
12942			Ýmislegt	H	"þú ekur á" skilti.
12955	13287	332	Of brattur flái	V	Bæta í fláa þannig að hann verður samfelldur og betur formaður. Búið er að gera "púða" við ljósastaura, þyrfti jafnframt að fylla í fláann.
12955	13025	70	Ýmislegt	V	Frekar stutt í gróft hraun, við stöð 12985 er "hryggur", sennilega hitavatnslögn í honum sem myndar vegg.
12972			Merking á skiltum	H	50 km/klst
12973			Merking á skiltum	V	50 km/klst.
13059	13287	228	Ýmislegt	H	kantsteinn.
13097	13130	33	Ýmislegt		Eyja byrjar.
13102	13286	184	Stígur nálægt vegi	V	Stígur/gangstétt við veg
13102	13286	184	Ýmislegt	V	Kantsteinn
13109	13287	178	Stígur nálægt vegi	H	
Dagsetning gagna frá - til:					10.5.2017 13:13:38 - 10.5.2017 13:38:51

Myndir:

Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
43	01	Grindavíkurvegur	Reykjanesbraut (41-17)	Grindavík, Gerðavellir

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
13110			Ýmislegt	H	Gangbraut
13162			Merking á skiltum	H	Umferðarmerki: Hringtorg
13165	13281	116	Vegbúnaður við veg	V	Ljósastaurar, venjulegir staurar.
13247	13277	30	Ýmislegt		Eyja.
13278			Merking á skiltum	H	Biðskylda
13286			Ýmislegt	V	Brunahani
13287			Vegbúnaður við veg	H	Stakur staur.
13287			Vegamót	V	Vegamót við Suðurhóp. Laga kverkar.
				Dagsetning gagna frá - til:	10.5.2017 13:13:38 - 10.5.2017 13:38:51

Myndir:
